Upplýsinga-þjónusta í tækni og raungreinum sett á laggirnar hér




Sveinbjörn Björnsson eðlisfræðingur dregur saman aðalatriði í lok ráðstefnunnar.
Tímamynd: Gunnar

SJ-Reykjavík. Í byrjun næsta árs verður væntanlega sett á stofn upplýsingaþjónusta í tækni og raungreinum, en 5,7 milljón króna fjárhæð er nú ætluð til hennar í frumvarpi til fjárlaga fyrir næsta ár. Upplýsingaþjónustan verður í fyrstu deild í Rannsóknarráði ríkisins. Verður að líkindum ráðinn við hana einn starfsmaður til að byrja með, og mun hann þurfa að verja nokkrum tíma til þjálfunar og til að kynnast þeim fyrirtækjum og öðrum aðilum, sem tengjast starfi hans.

Á föstudag var haldin ráðstefna á Hótel Loftleiðum um skipulag upplýsingamála á Íslandi, og var mikill áhuga á tilkomu upplýsingamiðstöðvarinnar, og menn sammála um nauðsyn hennar.

Rannsóknarráð hefur unnið í 14 ár að því að komið yrði á upplýsingaþjónustu hér, en áhugi var lítill lengi vel. Steingrímur Hermannsson formaður ráðsins lét í ráðstefnulok í ljósi ánægju með vaxandi skilning á máli þessu. Rétt væri að upplýsingaþjónustan fyrjaði í smáum stíl en þróaðist með þeim verkefnum, sem kæmi til kasta hennar að leysa, en mörg verkefni bíðu lausnar hér.

Nánar verður sagt frá fyrirhugaðri upplýsingaþjónustu í blaðinu eftir helgi.



Gunnar Örn við málverk sitt „Súsanna komin úr baði og tveir senatorar", en nafnið minnir á mynd eftir Jóhannes Kjarval með svipuðu nafni. Tímamynd Gunnar


Tjáir formhugsun í mannslíkamanum

SJ-Reykjavík — Ég nota líkamann sem efnivið og andlit einnig og útfæri eins og mér sýnist. Aðallega er þetta formhugsun, sagði Gunnar Örn Gunnarsson myndlistarmaður í viðtali við Tímann, en hann opnaði málverkasýningu í austursal Kjarvalsstaða kl. 14 í gær.

Olíumálverkin, sem Gunnar Örn sýnir eru afrakstur starfs hans síðustu tvö árin, en á síðasta ári naut hann starfsstyrks í sex mánuði. 68 myndir eru á sýningu Gunnars Arnar. Aðeins þrjú þeirra eru af ákveðnum fyrirmyndum, málverk af afa og ömmu Gunnars, sjálfsmynd og málverk, sem hann var fenginn til að gera í tilefni 50 ára skáldaafmælis Jens Augusts Schade og nefnist Leda — Hvor er du min svane.

Sýning Gunnars Arnar stendur til 6. nóvember og er opin kl. 2-10 laugardaga og sunnudaga, en kl. 4-10 þriðjudaga til föstudaga, eins og aðrar sýningar að Kjarvalsstöðum. Húsið er lokað á mánudögum.

AHAA NÚ ER KOMIÐ AÐ MÉR!



Smáauglýsingamóttaka er í síma 86611
virka daga kl. 9-22
Laugard. kl. 10-12
Sunnud. kl. 18-22

Vinningur verður dreginn út 21. nóv.

SMÁAUGLÝSINGAHAPPDRÆTTI
17. okt. - 20. nóv.
Ein greidd smáauglýsing og þú átt vinningsvon!

SANYO
20" LITSJÓNVARPSTÆKI
að verðmæti kr. 249.500.—
frá GUNNARI ÁSGEIRSSYNI HF.
er vinningurinn að þessu sinni

SMÁAUGLÝSINGAHAPPDRÆTTI VÍSIS
Sími 86611

VÍSIR